


Bárður Guðmundsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Austurvegi 67
800 Selfoss



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. maí 2014
Tilvísun: UST20140400254/ksj

Tillaga að deiliskipulagi. Sandvík, Árborg, skólphreinsistöð

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Árborgar er barst 22. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi skólphreinsistöðvar við Geitanes á Selfossi.

Áætlað er að reisa hreinsistöð fyrir fráveitu á lóðinni Eyði-mörk 1. Frá hreinsistöðinni er áætluð útrásarlögn sem liggja mun norður Geitanes og þar út í Ölfusá. Núverandi útrásarlögn verður nýtt sem yfirfallslögn þegar ný lögn verður tekin í gagnið. Fyrirliggjandi er fráveitustofnlögn sem liggur frá Selfosshbyggð norðan aðkomuvegar að skipulagssvæðinu.

Lýsing

Fram kemur í greinargerð að áætluð hreinsistöð verður eins þreps fráveituhreinsistöð með síum og sandgildru sem þjóna mun þéttbýlinu á Selfossi. Einnig kemur fram að reiknað er með að hreinsistöðin anní allt 800 l/sek. Ráðgert er að byggður verði varnargarður, grjótvörn norðan fyrirhugaðrar hreinsistöðvar þar sem hætta getur verið á flóðum í Ölfusá. Í greinargerð kemur fram að eftir vinnslu verði úrgangi komið á urðunarstað eða hann jarðgerður.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram hver fyrirhugaður móttökustaður seyru er. Einnig bendir stofnunin á að jarðgerð þarf að fara fram í samráði við heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun tekur undir að notaður verði gróður er hæfi svæðinu til að græða upp röskuð svæði. Einnig tekur stofnunin undir áætlanir um að settar verði upp gróðurmanir og að trjágróðri verði plantað til að minnka ásýndaráhrif framkvæmdanna.